



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Lagt fyrir 415. fund velferðarráðs 17. nóvember 2021

VEL2021110031

RÁ/asa/egj

Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um sérstakan húsnæðisstuðning

Þann 3. nóvember 2021 lagði fulltrúi Sósíalistasflokks Íslands fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um sérstakan húsnæðisstuðning:

Hvert er hlutfall sérstaks húsnæðisstuðnings í upphæð til leigjenda Félagsbústaða og til leigjenda á almennum markaði, skipt eftir árum? Er hægt að fá þessar upplýsingar allt frá því að Reykjavík byrjaði að greiða þennan stuðning, óháð því hvort hann hafi heitið öðru nafni, t.d. sérstakar húsaleigubætur?

Svar:

Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárstuðningur vegna greiðslu á húsaleigu umfram almennar húsnæðisbætur og er ætlaður fjölskyldum og einstaklingum sem þurfa aðstoð til framfærslu heimilis.

Á árinu 2008 voru 30% af greiðslum sérstaks húsnæðisstuðnings til þeirra sem leigja á almennum leigumarkaði en 70% greiðslna til þeirra sem leigðu húsnæði á vegum Félagsbústaða. Jafnt og þétt hefur þessi munur minnkað og það sem af er árinu 2021 eru 48% greiðslna sérstaks húsnæðisstuðnings til þeirra sem leigja á almennum leigumarkaði en 52% til þeirra sem leigja húsnæði á vegum Félagsbústaða.

Tafla 1*Sérstakur húsnæðisstuðningur. Fjárhæð og hlutfallsleg skipting eftir tegund húsnæðis*

Ár	Almennur markaður	Félagsbústaðir	Samtals	Almennur markaður	Félagsbústaðir
2008	137.014	326.196	463.210	30%	70%
2009	203.009	529.993	733.002	28%	72%
2010	244.299	557.085	801.384	30%	70%
2011	282.235	574.435	856.670	33%	67%
2012	300.397	596.638	897.035	33%	67%
2013	324.091	612.226	936.317	35%	65%
2014	342.179	615.966	958.145	36%	64%
2015	348.844	618.299	967.143	36%	64%
2016	319.436	622.842	942.278	34%	66%
2017	295.794	476.935	772.729	38%	62%
2018	317.846	513.235	831.081	38%	62%
2019	386.529	526.536	913.065	42%	58%
2020	497.715	592.793	1.090.508	46%	54%
Jan-sep 2021	435.210	478.060	913.270	48%	52%
Samtals	4.434.598	7.641.239	12.075.837	37%	63%

Mynd 1*Sérstakur húsnæðisstuðningur. Fjárhæð og hlutfallsleg skipting eftir tegund húsnæðis*